



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bílastæði við stúdentagarða í Grafarholti**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Þann 22. ágúst var bílastæðum við Reynisvatnsveg í Grafarholti lokað. Stúdentar sem búa á svæðinu gátu fyrir það nýtt sér stæðin. Eftir lokun varð mikill skortur á þeim og hefur íbúum reynst erfitt að leggja við heimili sín. Stuttu eftir lokunina fór Bílastæðasjóður að sekta fólk fyrir að leggja ólöglega. Íbúar á svæðinu vita ekki hvers vegna ákveðið var að loka þessu bílaplani. Því er óskað eftir svörum um hvers vegna það var gert. Hver voru rökkin fyrir því? Auk þess er óskað svara um verkferla Bílastæðasjóðs þegar kemur að eftirliti. Er það venja hjá Bílastæðasjóði að senda starfsfólk á svæði þar sem bílastæðum hefur fækkað, og vitað er að aukning á ólöglegum lagningum mun eiga sér stað?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 1. nóvember 2023.

Svar:

Umrætt stæði er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag en það var sett upp tímabundið af uppbyggingaraðila vegna byggingu stúdentagarða á svæðinu. Framkvæmdum er nú lokið, afnotaleyfi ekki lengur í gildi og því voru stæðin fjarlægð.

Bílastæðasjóður er með slembieftirlit í hverfum borgarinnar og setur gjald á bifreiðar sem lagt er ólöglega. Einnig er unnið eftir ábendingum sem berast bílastæðasjóði.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri